

Hluthafafundur ÍSLANDSBANKA HF

23. september 2010

Hluthafafundur Íslandsbanka hf. var haldinn í höfuðstöðvum bankans, Kirkjusandi 2, 155 Reykjavík, fimmtudaginn 23. september 2010, kl. 15:00.

Dagskrá fundarins var eftirfarandi:

1. Setning fundar
2. Kosning stjórnar
3. Önnur mál

1. Setning fundar

Friðrik Sophusson, formaður stjórnar Íslandsbanka, setti fundinn og bauð hluthafa velkomna. Lögmæti fundarins kannað. Fundurinn er sóttur af hálfu allra hluthafa félagsins. Fundurinn er því bær til að taka ákvörðun um þau málefni sem greind eru á dagskrá.

2. Kosning stjórnar

Tillögur um kosningu stjórnar liggur fyrir fundinum.

Bankasýsla ríkisins hefur tilnefnt Kolbrúnu Jónsdóttur, kt. 200662-4239, sem aðalmann í stjórn Íslandsbanka og tekur hún sæti Mörthu Eiríksdóttur, kt. 251257-5159, sem hefur sagt sig úr stjórn bankans vegna nýrra starfa sem framkvæmdastjóri Kreditkorts ehf.

Þá hefur Bankasýslan tilnefnt Maríu E. Ingvadóttur, kt. 270946-8289, sem varamann fyrir Kolbrúnu Jónsdóttur en María tekur sæti Katrínar Ólafsdóttur, kt. 250165-5369, sem hefur sagt sig úr stjórn bankans. Jafnframt hefur ISB Holding tilnefnt Önnu Lilju Gunnarsdóttur, kt. 311054-4739, sem varamann í stjórn bankans í stað Önnu Skúladóttur, kt. 180648-4379, sem sagt hefur sig úr stjórn.

Aðrir aðilar hafa ekki boðið sig fram. Því lýst yfir að þær séu rétt kjörnar í stjórn Íslandsbanka.

Stjórn Íslandsbanka hf. er því þannig skipuð þann 23. september 2010:

Aðalmenn:

Friðrik Sophusson, formaður
Raymond J. Quinlan
Árni Tómasson

Neil Graeme Brown
Marianne Økland

John E. Mack
Kolbrún Jónsdóttir

Varamenn:

Anna Lilja Gunnarsdóttir
María Guðrún Sigurðardóttir
Eiríkur Hilmarsson

Baldur Pétursson
Þórdís Bjarnadóttir

María E. Ingvadóttir
Guðmundur Ragnar Jónsson

3. Önnur mál

a) Fundur með hluthöfum í næstu viku.

- i. Friðrik Sophusson, formaður stjórnar Íslandsbanka, lagði til að haldin yrði fundur í næstu viku til þess að fara yfir og ræða, með hluthöfum bankans, áhættumál bankans í kjölfar gengisdóms Hæstaréttar. Ákveðið að halda fund með hluthöfum Íslandsbanka hf. fimmtudaginn 30. september 2010 kl. 15:00 til þess að fara yfir þessi mál.

b) Starfskjarastefna.

- i. Friðrik, formaður stjórnar Íslandsbanka, upplýsti hluthafa um stöðu málsins og þeirri vinnu sem bankinn er í er varðar starfskjarastefnu bankans. Íslandsbanki hefur sent Fjármálaeftirlitinu bréf í tengslum við málið og bíður svara. Hugmyndin er að boða hluthafa til sérstaks fundar síðar til þess að halda þeim áfram upplýstum um stöðuna að þessu leyti.

c) Arðsemiskrafa.

- i. Ólafur Ísleifsson, formaður stjórnar ISB Holding, óskaði eftir umræðu og upplýsingum um hvaða hugmyndir bankinn hefði uppi um arðsemiskröfu bankans.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 15:30.

Fundarstjóri



Friðrik Sophusson

Fundarritari



Árni Huldar Sveinbjörnsson